

Umsögn nefndar

skv. 2. mgr. 23. gr. laga nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands
um hæfni umsækjenda um embætti seðlabankastjóra
sem auglýst var laust til umsóknar 20. febrúar 2019

Reykjavík, 25. júní 2019

1. Umsækjendur um embætti seðlabankastjóra

Með bréfi dags. 7. maí 2019 fól forsætisráðherra nefnd skv. 2. mgr. 23. gr. laga um Seðlabanka Íslands nr. 36/2001, með síðari breytingum að leggja mat á hæfni umsækjenda um embætti seðlabankastjóra sem auglýst var laust til umsóknar 20. febrúar 2019.

Um embætti seðlabankastjóra sóttu upphaflega sextán manns. Þrír drógu umsókn sína til baka en eftir stóðu: Arnór Sighvatsson, Ásgeir Jónsson, Ásgeir Brynjar Torfason, Gunnar Haraldsson, Gylfi Arnbjörnsson, Gylfi Magnússon, Jón Daníelsson, Jón G. Jónsson, Katrín Ólafsdóttir, Salvör Sigríður Jónsdóttir, Sigurður Hannesson, Sturla Pálsson og Vilhjálmur Bjarnason.

Umsögn nefndarinnar um þessa umsækjendur fer hér á eftir.

2. Sjónarmið sem nefndin byggir mat sitt á

Embætti seðlabankastjóra var auglýst laust til umsóknar 20. febrúar 2019. Auglýsingin var svohljóðandi:

Forsætisráðuneytið auglýsir embætti seðlabankastjóra laust til umsóknar.

Forsætisráðherra skipar seðlabankastjóra Seðlabanka Íslands til fimm ára í senn, sbr. 1. mgr. 23. gr. laga nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands, með síðari breytingum. Aðeins er hægt að skipa sama mann seðlabankastjóra tvisvar sinnum. Seðlabankastjóri skal fullnægja almennum starfsgengisskilyrðum skv. 6. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Umsækjendur skulu hafa lokið háskólaprófi í hagfræði eða tengdum greinum og búa yfir víðtækri reynslu og þekkingu á fjármálastarfsemi og efnahags- og peningamálum. Gerð er krafa um stjórnunarhæfileika og hæfni í mannlegum samskiptum.

Við skipun í embættið mun forsætisráðherra, skv. 2. mgr. 23. gr. laga um Seðlabanka Íslands, skipa þriggja manna nefnd er hefur það hlutverk að leggja mat á hæfni umsækjenda um embættið. Verður einn nefndarmaður skipaður samkvæmt tilnefningu samstarfsnefndar háskólastigsins, einn samkvæmt tilnefningu bankaráðs Seðlabanka Íslands og einn án tilnefningar og er hann formaður nefndarinnar.

Í umsókn um embættið skal greina frá nafni, kennitölu og heimilisfangi umsækjanda auk þess sem veita skal ítarlegar upplýsingar um menntun viðkomandi, starfsferil og reynslu.

Um laun og önnur starfskjör fer eftir ákvæðum laga um launa- og starfskjör seðlabankastjóra, sbr. b-lið 28. gr. laga um Seðlabanka Íslands

Skipað verður í embættið frá og með 20. ágúst 2019.

Umsóknarfrestur er til og með 25. mars 2019. Vinsamlega sendið umsóknir og starfsferilskrár til forsætisráðuneytisins, Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg, eða á netfang ráðuneytisins postur@for.is. Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um stöðuna. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um skipun í embættið hefur verið tekin.

Nánari upplýsingar veitir ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytisins.

Eins og fram kemur hér að framan skal ráðherra við skipun í embætti seðlabankastjóra skipa þriggja manna nefnd er hafi það hlutverk að leggja mat á hæfni umsækjenda. Með bréfi dags. 7. maí 2019 skipaði forsætisráðherra í nefndina Eyjólf Guðmundsson, rektor Háskólans á Akureyri, samkvæmt tilnefningu samstarfsnefndar háskólastigsins, Þórunni Guðmundsdóttur, hæstaréttarlögmann og varaformann bankaráðs Seðlabanka Íslands, samkvæmt tilnefningu bankaráðs Seðlabanka Íslands og Sigríði Benediktsdóttur hagfræðing við Yale háskóla, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar án tilnefningar.

Fram kom í skipunarbréfi nefndarinnar að verkefni hennar væri að leggja mat á hæfni umsækjenda til að gegna embætti seðlabankastjóra. Óskað var eftir því að nefndin skilaði rökstuddri umsögn um hæfni hvers umsækjenda og rökstuddu álit á því hverja nefndin teldi hæfasta meðal umsækjenda. Mælt var fyrir um það að umsækjendur yrðu flokkaðir í fjóra eftirfarandi flokka eftir hæfni samkvæmt mati nefndarinnar;

1. mjög vel hæfur
2. vel hæfur
3. hæfur
4. ekki hæfur.

Við mat á hæfni umsækjenda um embætti seðlabankastjóra var lagt fyrir nefndina að hafa m.a. til hliðsjónar eftirtalin atriði:

1. menntun
2. starfsferil
3. reynslu og þekkingu á fjármálastarfsemi og efnahags- og peningamálum

4. stjórnunarhæfileika

5. hæfni í mannlegum samskiptum.

Ennfremur kom fram í skipunarbréfinu að nefndin skyldi meta hvort ástæða væri til að boða umsækjendur í viðtal, en gert væri ráð fyrir að nefndin kallaði eftir frekari gögnum, m.a. frá umsækjendum, að því marki sem hún teldi nauðsynlegt vegna hæfnismatsins. Kæmu fram í gögnum, sem nefndin hefði aflað frá öðrum en umsækjanda sjálfum, upplýsingar sem hún teldi vera umsækjanda í óhag og kynnu að hafa áhrif á mat á hæfni hans, skyldi nefndin kynna umsækjanda efni þeirra, frá hverjum þær stöfuðu og veita umsækjanda tækifæri til þess að tjá sig um þær áður en nefndin gæfi umsögn um hæfni hans.

Í 1. mgr. 23. gr. laga um Seðlabanka Íslands, sbr. 3. gr. laga nr. 5/2009, segir að seðlabankastjóri skuli hafa lokið háskólaprófi í hagfræði eða tengdum greinum og búa yfir víðtækri reynslu og þekkingu á fjármálastarfsemi og efnahags- og peningamálum. Seðlabankastjóri skal ennfremur fullnægja almennum starfsgengisskilyrðum skv. 6. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Líkt og við á almennt um skipun í embætti hjá hinu opinbera er í öðrum lögum að finna ákvæði sem taka verður tillit til við málsmeðferð og mat á hæfni umsækjenda. Þar á meðal eru stjórnarsýslulög nr. 37/1993 og lög nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla auk áður nefndra laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Alþingi samþykkti ný lög um Seðlabanka Íslands 20. júní 2019 og breytingar á ýmsum lögum vegna sameiningar Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins. Þau lög munu taka gildi 1. janúar 2020. Svo sem fram kom í auglýsingu um laust starf seðlabankastjóra og í skipunarbréfi nefndarinnar miðast störf nefndarinnar við núgildandi seðlabankalög og er nefndinni ekki heimilt að hafa hliðsjón af lögum sem ekki hafa tekið gildi. Nefndin bendir engu að síður á að engar breytingar voru gerðar á hæfnisskilyrðum seðlabankastjóra í nýju lögunum frá því sem er í núgildandi lögum.

3. Málsmeðferð

Með tölvupósti 13. maí 2019 ritaði forsætisráðuneytið umsækjendum tölvubréf og óskaði eftir því að þeir gerðu athugasemdir við sérstakt hæfi nefndarmanna, teldu þeir einhverjar vanhæfisástæður fyrir hendi. Frestur til að gera athugasemdir var veittur til föstudagsins 17. maí 2019. Ábendingar bárust frá tveimur umsækjendum. Með tölvupósti 20. maí 2019 óskaði ráðuneytið eftir afstöðu hæfnisnefndarinnar til ábendinganna. Nefndin taldi að engin af ábendingunum væri þess eðlis að þær gætu leitt til vanhæfis nefndarmanna og var ráðuneytinu

tilkynnt um það í tölvupósti 22. maí 2019. Með bréfi ráðuneytisins til umsækjenda 23. maí 2019 kom fram sú afstaða að framkomnar athugasemdir og þau efnisatriði sem þar komu fram leiddu ekki til vanhæfis nefndarmanna.

Nefndin fór í upphafi starfs síns yfir umsóknir hvers og eins umsækjanda sem og fylgigögn með umsóknum þeirra. Það var mat nefndarinnar eftir fyrstu yfirferð að af umsækjendunum, uppfyllti umsækjandinn Salvör Sigríður Jónsdóttir ekki þá kröfu sem fram kemur í 1. mgr. 23. gr. laga um Seðlabanka Íslands nr. 36/2001, með síðari breytingum. Salvör Sigríður stundar nám í viðskiptalögfræði við Háskólann á Bifröst og stefnir á að ljúka námi í vor. Hún hefur starfað við ýmis konar skrifstofustörf í gegnum tíðina og sem stuðningsfulltrúi. Það er því ljóst að Salvör Sigríður býr ekki yfir viðtækri reynslu og þekkingu á fjármálastarfsemi og efnahags- og peningamálum. Salvör Sigríður telst því ekki hæf til að gegna starfi seðlabankastjóra og mun nefndin ekki fjalla frekar um hana í umsögn þessari.

Nefndin ákvað að bjóða þeim umsækjendum sem uppfylltu hæfnisskilyrði 1. mgr. 23. gr. seðlabankalaga að mæta í viðtal til nefndarinnar. Að höfðu samráði við forsætisráðuneytið var ákveðið að leita aðstoðar Capacent við viðtölin. Allir umsækjendurnir þáðu boð um viðtal.

Allir umsækjendur fengu sömu spurningar til að svara og jafnlangan tíma, þannig að jafnræðis var gætt. Spurningarnar snerust um þekkingu viðmælanda á lögbundnum verkefnum og skyldum Seðlabankans og þekkingu þeirra og reynslu þar að lútandi. Sérstök áhersla var lögð á meginmarkmið Seðlabankans að stuðla að stöðugu verðlagi. Nefndin taldi einnig mikilvægt að umsækjendur sýndu þekkingu á öðrum meginverkefnum Seðlabankans, eins og t.d. að stuðla að fjármálastöðugleika, varðveislu gjaldeyrisvaraforða, að stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi o.s.frv. Nefndin horfði til þekkingar og reynslu af fjármálastarfsemi og efnahags- og peningamálum og mat það jákvætt ef að umsækjendur höfðu yfirgripsmikla þekkingu á sérhverju sviði í samræmi við lögbundið hlutverk Seðlabankans. Það var metið neikvætt ef umsækjendur skorti þekkingu á einhverju þeirra sviða sem falla undir lögbundið hlutverk Seðlabankans. Þessi viðtöl fóru fram dagana 27. til 29. maí 2019.

Var það ákvörðun nefndarinnar að þeir umsækjendur sem höfðu hvað heildstæðasta þekkingu á sérhverju sviði lögbundins hlutverks Seðlabankans yrðu boðaðir í annað viðtal. Niðurstaða nefndarinnar var því að ræða aftur við umsækjendurna Arnór Sighvatsson, Ásgeir Jónsson, Gylfa Magnússon, Jón Daníelsson og Katrínu Ólafsdóttur. Þau viðtöl fóru fram 4. og 7. júní 2019. Umsækjendurnir fengu jafnlangan tíma til að svara spurningum nefndarinnar, þannig að jafnræðis var gætt. Í seinni umferð viðtala voru umsækjendur spurðir nánar út í

stjórnunarhæfileika, umfang mannaforráða undanfarin ár, stjórnunarstíl og hvernig sú reynsla gæti nýst þeim í starfi seðlabankastjóra. Þá voru umsækjendur spurðir út í reynslu og þekkingu á fjármálastarfsemi og efnahags- og peningamálum. Undir þeim lið var einkum spurt út í meginmarkmið Seðlabankans, og þau stjórnþæki sem bankinn hefur til að ná þeim markmiðum. Sérstaklega voru umsækjendur beðnir um að nefna dæmi um aðstæður þar sem aðgerðir til að stuðla að meginmarkmiði bankans, verðstöðugleika, gæti haft neikvæð áhrif á önnur markmið bankans. Jafnframt fengu umsækjendur spurningar um aðra lögbundna þætti starfsins og spurðir út í hæfni í mannlegum samskiptum. Loks var spurt út í reynslu af opinberri stjórnsýslu. Við gerð þessarar umsagnar var fyrst og fremst höfð hliðsjón af þeim upplýsingum og gögnum sem komu fram í umsóknum umsækjenda. Þá hafði nefndin nokkra hliðsjón af því sem fram kom hjá umsækjendum í þeim viðtölum sem tekin voru við þá og verður vísað til þeirra á eftir því sem við á í umfjöllun um hæfni einstaka umsækjenda hér á eftir.

Nefndin skilaði drögum að umsögn til forsætisráðuneytisins 11. júní sl. Ráðuneytið sendi umsögnina til allra umsækjenda og gaf þeim kost á að koma að athugasemdum við umsögnina og veitti til þess frest til 19. júní sl. Átta umsækjendur, þau Arnór Sighvatsson, Ásgeir Brynjar Torfason, Gunnar Haraldsson, Gylfi Arnbjörnsson, Katrín Ólafsdóttir, Sigurður Hannesson, Sturla Pálsson og Vilhjálmur Bjarnason nýttu sér þann rétt og skiluðu inn athugasemdum. Ráðuneytið sendi þær athugasemdir til nefndarinnar 20. júní sl. með beiðni um að nefndin yfirfæri athugasemdirnar og tæki afstöðu til þess hvort þær gæfu tilefni til breytinga á umsögn nefndarinnar. Nefndinni var veittur frestur til að skila endanlegri umsögn til þriðjudagsins 25. júní. Nefndin fór yfir athugasemdir umsækjenda og gerði nokkrar breytingar á umsögninni, en án þess þó að það hefði áhrif á fyrri röðun umsækjenda.

Í athugasemdum nokkurra umsækjenda er vísað til niðurstöðu hæfnisnefndar sem mat á umsækjendum um starf seðlabankastjóra árið 2014 og til niðurstöðu hæfnisnefndar sem mat á umsækjendum um starf aðstoðarseðlabankastjóra árið 2018. Umsögn þeirrar nefndar sem með bréfi forsætisráðherra dags. 7. maí 2019 var falið að meta umsækjendur um starf seðlabankastjóra sem auglýst var laust til umsóknar 20. febrúar 2019 felur í sér sjálfstætt mat á þeim umsækjendum. Niðurstöður hæfnisnefnda árið 2014 eða 2018 fela ekki í sér bindandi fordæmi fyrir nefndina nú. Á árinu 2018 var verið að meta umsækjendur um starf aðstoðarseðlabankastjóra, en ekki seðlabankastjóra, og því ekki um sömu matsviðmið að ræða. Aðeins einn umsækjandi nú sótti einnig um starf aðstoðarseðlabankastjóra á árinu 2018. Nefnd sú sem hér skilar umsögn er því að fjalla að mestu um aðra umsækjendur en þá sem þá sóttu um og því er annar samanburður á milli umsækjenda nú.

Endanleg umsögn nefndarinnar er því dagsett 25. júní 2019.

4. Almennar upplýsingar um umsækjendur

Hér á eftir verður reifað stutt ágríp um menntun, starfsferil, reynslu og þekkingu á fjármálastarfsemi og efnahags- og peningamálum og stjórnunarreynslu hvers umsækjanda um sig. Engar upplýsingar eru fyrirbyggjandi um að umsækjendur uppfylli ekki almenn starfsgengisskilyrði 6. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og gengur nefndin því út frá því í sínu mati að allir umsækjendur uppfylli þau skilyrði. Í 5. kafla er síðan að finna mat nefndarinnar á umsækjendum og samanburð á hæfni þeirra á grundvelli þeirra sjónarmiða sem reifuð eru hér að framan í kafla 2. Upplýsingar þær sem hér er að finna eru byggðar á umsóknum umsækjenda. Til dæmis hefur nefndin ekki staðreynt sérstaklega prófgráður umsækjenda. Nefndin leggur áherslu á að ekki er greint frá öllu því, sem þeir hafa talið upp í umsóknum, heldur getið helstu starfa og viðfangsefna sem falla undir framangreind hæfnisskilyrði.

Arnór Sighvatsson er fæddur árið 1956. Hann lauk B.A. prófi í sagnfræði og heimspeki frá Háskóla Íslands árið 1980, M.A. prófi í hagfræði frá Northern Illinois University árið 1987 og doktorsnámi frá sama skóla árið 1990.

Undir lok doktorsnámsins eða í janúar 1990 réðst Arnór til starfa við hagfræðisvið Seðlabanka Íslands og hefur starfað þar síðan að frátöldum tveimur árum þegar að hann starfaði við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn í Washington D.C., Bandaríkjunum, sem aðstoðarmaður fulltrúa Norðurlanda og Eyrstrasaltsríkja í framkvæmdastjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Árið 2004 tók Arnór við starfi aðalhogfræðings og var jafnframt framkvæmdastjóri hagfræðisviðs. Á árunum 2009 til 2018 starfaði hann sem aðstoðarseðlabankastjóri og frá árinu 2019 hefur Arnór verið ráðgjafi seðlabankastjóra.

Arnór hefur skrifað greinar í innlend og erlend peningamálarit með áherslu á peningamálastefnu, viðskiptahalla og gengisstefnu ásamt fleiri hagfræðilegum málefnum. Þá hefur Arnór haldið fyrirlestra og birt blaðgreinar um sömu málefni. Arnór var ritari *Peningamála* og síðar ritstjóri á árunum 1999 til 2009.

Sem aðstoðarseðlabankastjóri hefur Arnór setið í kerfisáhættunefnd og peningastefnunefnd ásamt því að vera formaður í ráðherraskipuðum nefndum er lutu að losun og stýringu

fjármagnshafta. Þá hefur Arnór setið í stjórn Fjármálaeftirlitsins ásamt því að hafa setið í Nordic-Baltic Monetary and Finance Committee og var fulltrúi Seðlabankans á fundum ráðgjafarhóps Evrópuríkja í tengslum við Financial Stability Board – FSB (Regional Consulting Group for Europe) á árunum 2010 til 2018. Með tilkomu fjármagnshafta haustið 2008 tók Arnór beinan þátt í framkvæmd þeirra og síðar vinnu við áætlanir um afnám fjármagnshaftanna. Meðal annars sat hann í stýrihóp um veitingu undanþága ásamt því að bera ábyrgð á veitingu almennra undanþágu frá gjaldeyrishöftum.

Arnór hefur starfað sem sérfræðingur og stjórnandi síðan 1995. Í bréfi sem fylgdi umsókn um starfið kemur fram hans sýn á hlutverk og stefnu Seðlabanka Íslands.,

Ásgeir Jónsson er fæddur árið 1970. Hann lauk BSc prófi í hagfræði frá Háskóla Íslands árið 1994. Þá lauk Ásgeir doktorspróf í hagfræði frá Indiana University í Bandaríkjunum í maí 2001 með alþjóðafjármál, peningamálahagfræði og hagsögu sem aðalsvið. Doktorsritgerð Ásgeirs var um sveiflujöfnun yfir skamman tíma í litlu opnu hagkerfi.

Ásgeir hefur starfað við Háskóla Íslands frá 2004, fyrst sem lektor síðar sem dósent. Hann hefur verið deildarforseti við hagfræðideild frá 2015. Samhliða störfum sínum við háskólann hefur hann um tíma verið efnahagsráðgjafi Virðingar og Gamma. Hann hefur einnig gegnt öðrum ábyrgðarstörfum, meðal annars sem álitsgjafi fyrir ritun Hvítbókar um framtíð fjármálakerfisins, formaður starfshóps um endurskoðun peningastefnu og verið formaður í yfirfasteignamatnefnd. Áður en hann tók til starfa við Háskóla Íslands var hann forstöðumaður greiningardeildar og aðalhogfræðingur Kaupþings og síðar Arion banka á árunum 2004 til 2011. Á árunum 2000 til 2004 var Ásgeir sérfræðingur á Hagfræðistofnun og samhliða því stundakennari við Háskóla Íslands.

Ásgeir hlaut þriggja ára rannsóknastyrk frá Rannís á árunum 2001 til 2003 vegna rannsókna á íslenskum peningamálum.

Ásgeir Jónsson hefur gefið út tvær erlendar bækur um íslenska fjármálaáfallið og ritað fræðigreinar.

Í umsóknarbréfi Ásgeirs til forsætisráðherra kemur fram að hann hefur víðtæka reynslu af fjármálamarkaði sem aðalhogfræðingur Kaupþings og Arion banka – og síðar efnahagsráðgjafi Gamma og Virðingar. Þá kemur fram að hann hafi öðlast töluverða stjórnunarreynslu með því að hafa mannaforráð sem forstöðumaður greiningardeilda og sem umsjónarmaður

fjármálanáms og síðan deildarforseti við Háskóla Íslands. Við hagfræðideild Háskólans hefur hann leitt umbóta- og breytingarferli.

Með umsókn Ásgeirs fylgdi eitt meðmælalibréf.

Ásgeir Brynjar Torfason er fæddur árið 1972. Hann lauk BA prófi í heimspeki frá Háskóla Íslands 1995 og BA prófi í hagfræði frá sama skóla 1999. Þá hefur Ásgeir Brynjar lokið MBA prófi frá Norwegian Business School í Osló 2001 og Licentiate gráðu í viðskiptafræði frá Viðskiptaháskólanum í Gautaborg 2010. Ásgeir Brynjar lauk doktorsnámi frá Gautaborgarháskóla árið 2014 þar sem doktorsritgerð hans fjallaði um reikningsskil á aukningu peningamagns við útlán banka. Þá lauk Ásgeir Brynjar viðbótardiplómanámi í kennslufræði háskóla frá Háskóla Íslands 2016.

Ásgeir Brynjar var skrifstofustjóri rekstrar - og framkvæmdasviðs Háskóla Íslands á árunum 2001 til 2005 og Norðurlandasvæðisstjóri fasteignasjóðsins Prologis 2005 til 2008, en sjóðurinn er skráður á New York hlutabréfamarkaðinum. Sem doktorsnemi við Gautaborgarháskóla var hann stundakennari við skólann árin 2008 til 2014. Frá árinu 2013 hefur Ásgeir Brynjar verið háskólakennari við viðskiptafræðideild félagsvísindasviðs Háskóla Íslands, fyrst sem aðjúnt, en sem lektor frá árinu 2014. Kennslugreinar hans hafa meðal annars verið peninga og fjármálakerfið, greining ársreikninga, reikningsskil, svo nokkur fög séu nefnd. Ásgeir Brynjar hefur jafnframt verið gestakennari við viðskiptaháskólana í Gautaborg og Kaupmannahöfn og haldið fyrirlestra meðal annars í Seðlabanka Bretlands og Noregs.

Á árunum 2015 til 2017 naut Ásgeir Brynjar rannsóknarstyrks sem nýdoktor til rannsókna á sviði fjármála og reikningsskila banka og seðlabanka við Gothenburg Research Institute.

Ásgeir Brynjar hefur gegnt ýmsum trúnaðarstörfum. Til dæmis hefur hann setið í endurskoðunarnefnd stjórnar Gildis lífeyrissjóðs frá maí 2018 og var kosinn af Alþingi sem aðalmaður í fjármálaráð frá 2016 til 2019.

Í umsókn Ásgeirs Brynjars er gerð grein fyrir ástæðum þess að hann sækir um stöðu seðlabankastjóra og færni hans og hæfni til að gegna stöðunni. Með umsókn Ásgeirs Brynjars fylgdi ferilskrá, þar sem gerð er grein fyrir menntun og starfsreynslu hans. Jafnframt fylgdi með umsókninni greinargerð með upplýsingum um menntun, þekkingu og reynslu hans. Þá fylgdu með umsókninni umsagnir og greinargerðir um lagafrumvörp og fleira, sem Ásgeir Brynjar hefur ritað ýmist einn eða með öðrum.

Gunnar Haraldsson er fæddur árið 1968. Hann lauk BSc prófi hagfræði og meistaraþáttu í sjávarútvegsfræðum frá Háskóla Íslands og síðar doktorsþáttu í hagfræði frá Toulouse háskólanum í Frakklandi. Gunnar Haraldsson hefur frá árinu 2015 starfað hjá og rekið ráðgjafafyrirtækið Intellecta. Starfið þar fellst í hagfræðilegri ráðgjöf og rannsóknum innanlands og erlendis. Gunnar er jafnframt formaður fjármálaráðs. Áður var Gunnar forstöðumaður Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands á árunum 2007 til 2010 og aftur á árunum 2013 til 2015. Hann var formaður stjórnar Fjármálaeftirlitsins í um eitt ár frá 2009. Á árunum 2010 til 2012 starfaði Gunnar sem sérfræðingur hjá OECD við deild viðskipta- og landbúnaðar. Auk þessara starfa hefur Gunnar meðal annars starfað sem sérfræðingur hjá Þróunarsamvinnustofnun, hagfræðingur í forsætisráðuneytinu og hagfræðingur hjá Þjóðhagsstofnun.

Á sama tíma og Gunnar var forstöðumaður við Hagfræðistofnun Háskóla Íslands á árunum 2007 til 2010 var hann aðjúnkt við skólann. Gunnar var einnig aðjúnkt og síðar dósent við Háskólann á Bifröst á árunum 2002 til 2006. Gunnar hefur kennt við Háskóla Íslands og Háskólann á Bifröst.

Gunnar hefur stundað önnur ábyrgðarstörf þar með talið setu í Vísinda- og tækniráði, verið formaður íslensku UNESCO nefndarinnar og verið meðlimur í sendinefnd Íslands á fundum EPC hjá OECD.

Gylfi Arnbjörnsson er fæddur árið 1958. Hann lauk viðskiptaprófi frá Samvinnuskólanum 1978 og HA-gráðu í almennri rekstrarhagfræði með starfsréttindum frá Copenhagen Business School árið 1982. Þá lauk Gylfi Cand. merc. gráðu frá sama skóla árið 1986.

Gylfi var deildarstjóri viðskiptabrautar Fjölbrautaskólans á Norðurlandi vestra árin 1986 til 1988, auk þess að kenna viðskipta- og hagfræði við sama skóla. Á árunum 1989 til 1991 var Gylfi forstöðumaður Kjararannsóknarnefndar og á árunum 1992 til 1997 var hann deildarstjóri hagdeildar ASÍ. Hann var framkvæmdastjóri Eignarhaldsfélagsins Alþýðubankinn hf. á árunum 1997 til 2001. Gylfi var framkvæmdastjóri ASÍ árin 2001 til 2008, en það ár varð hann forseti ASÍ og gegndi því starfi til ársins 2018. Samhliða þessum störfum hefur Gylfi gegnt stjórnarstörfum í ýmsum fyrirtækjum og félögum hér á landi sem erlendis. Sem dæmi má nefna Framtakssjóð EFA, Eignarhaldsfélag hlutafélaga hf. og Allied Resources Inc., fjárfestingarfélagi í stóriðnaði í Philadelphiu. Þá var Gylfi fulltrúi í samráðsnefnd ITUC við

æðstu stjórnendur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans í Washington á árunum 2014 til 2018.

Með umsókn Gylfa fylgdi starfsferilskrá, auk bréfs til forsætisráðherra þar sem hann gerði grein fyrir færni sinni og hæfni til að gegna starfi seðlabankastjóra.

Gylfi Magnússon er fæddur árið 1966. Hann lauk Cand. oecón. prófi frá Háskóla Íslands árið 1990, M.A. prófi í hagfræði frá Yale háskóla árið 1991, M.Phil. prófi frá Yale árið 1994 og Ph.D. í hagfræði frá sama skóla árið 1997.

Gylfi hóf sérfræðistörf sín hjá Hagfræðistofnun árið 1996 og var þar til ársins 1998. Á sama tíma var hann stundakennari við skólann. Hann varð dósent í viðskiptaskor árið 1998. Gylfi fór í leyfi frá Háskóla Íslands þegar hann gegndi störfum viðskiptaráðherra og efnahags- og viðskiptaráðherra frá febrúar 2009 til september 2010.

Gylfi hefur ritað fræðigreinar í erlend fræðirit og greinar í innlend tímarit og fræðirit ásamt því að hafa ritað greinar í dagblöð um hagfræðileg málefni. Rannsóknir hans hafa snúið að íslensku efnahagslífi með áherslu á verðbréfamarkaði og lífeyriskerfi. Sem ráðherra vann Gylfi að löggjöf um íslenskt viðskiptalíf og fjármálamarkaði. Á þeim tíma heyrðu málefni Seðlabanka Íslands, bankamála og fjármálaeftirlits undir ráðuneyti hans, þ.m.t. samvinna við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn um efnahagsáætlun fyrir Ísland. Þá hefur Gylfi jafnframt öðlast reynslu af íslenskri viðskiptalöggjöf sem sérfróður meðdómari eða matsmaður í allmörgum dómsmálum og nefndarvinnu fyrir stjórnvöld.

Á árunum 2005 til 2009 var Gylfi stjórnarformaður Samkeppniseftirlitsins. Hann hefur setið í stjórnnum Kauphallar Íslands og Verðbréfasráningu Íslands ásamt því að sitja í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur frá árinu 2011. Frá árinu 2018 hefur hann jafnframt verið formaður bankaráðs Seðlabanka Íslands.

Stjórnunarreynslu, fyrir utan stjórnarsetu í fyrirtækjum og stofnunum og ráðherradóm, hefur Gylfi frá ýmsum stjórnarstörfum innan Háskóla Íslands. Þar hefur hann verið formaður viðskiptaskorar og forseti viðskipta- og hagfræðideildar.

Með umsókn Gylfa fylgdi ferilskrá ásamt bréfi þar sem fram koma helstu þættir sem Gylfi telur skipta máli við val á seðlabankastjóra.

Jón Daníelsson er fæddur árið 1963. Hann lauk BA prófi í hagfræði frá Jacksonville State University árið 1986. Þá lauk hann doktorsprófi í hagfræði frá Duke University árið 1991.

Jón var lektor í hagfræði við Háskóla Íslands árin 1991 til 1994 og dósent í hagfræði við sama skóla árin 1994 til 2006. Frá árinu 1997 hefur hann starfað hjá London School of Economics, fyrst sem lektor og síðar dósent, en frá árinu 2012, einnig sem forstöðumaður rannsóknarseturs um kerfislæga áhættu við skólann. Sem slíkur hefur hann m.a. yfirumsjón með verkefnum fjölda starfsmanna, rannsakenda og fræðimanna. Þá annast hann samskipti við ýmsa seðlabanka, einkafyrirtæki og samtök forstöðumanna áhættustýringar margra stærstu fjármálafyrirtækja heimsins..

Jón hefur hlotið ýmsa stóra rannsóknarstyrki og unnið að tímabundnum verkefnum í tengslum við sérsvið sitt víða um heim. Þá er hann höfundar bóka og fræðigreina í sínu fagi.

Með umsókn Jóns fylgir ferilskrá með upplýsingum um menntun, starfsferil, rannsóknarstyrki og ritverk, sem flest eru ritrýnd. Umsókninni fylgir einnig bréf hans til forsætisráðherra, þar sem farið er yfir færni hans og hæfni til að gegna starfinu og þau atriði sem hann myndi leggja áherslu á fengi hann starfið.

Jón G. Jónsson er fæddur árið 1968. Hann lauk B.S. prófi í viðskiptafræðum frá Cornell University árið 1992 og LL.M. gráðu í réttarhagfræði frá Università di Bologna og Universität Hamburg árið 2010. Þá hefur Jón tekið einstök námskeið á háskólastigi í Háskóla Íslands, University of Chicago Law School og Harvard University.

Jón hóf sérfræðistörf sín árið 1992 hjá Merrill Lynch í Norður-Ameríku, fyrst sem aðstoðarfulltrúi í fjárfestingardeild og síðar sem aðstoðarsérfræðingur í hagfræði- og greiningardeild. Árið 1996 fluttist hann til Merrill Lynch í Asíu, Hong Kong, og starfaði þar sem sérfræðingur í hagfræði- og greiningardeild. Árið 2001 færðist Jón til Merrill Lynch í Evrópu og starfaði fyrst sem deildarstjóri í hagfræði- og greiningardeild en starfaði að lokum hjá Merrill Lynch sem framkvæmdastjóri í fjárfestingarbankadeild. Á árunum 2010 til 2011 sat Jón í stjórn MP banka og starfaði jafnframt að endurskipulagningu bankans ásamt því að undirbúa málsvörn bankans gagnvart stjórnvaldssektum Fjármálaeftirlitsins. Frá árinu 2012 hefur Jón verið forstjóri Bankasýslu ríkisins.

Jón hefur ritað fræðigreinar á sviði lánsfjármarkaða. Hann hefur stundað kennslu við hagfræðideild, lagadeild og viðskiptafræðideild Háskóla Íslands á árunum 2015 til 2019, en kom þó fyrst að kennslu við Háskóla Íslands árið 2011.

Sem forstjóri Bankasýslu ríkisins síðastliðin sjö ár hefur Jón aflað sér þekkingar á rekstri viðskiptabanka hér á landi og þeim lögum og reglum sem gilda um starfsemi þeirra. Einnig er alþjóðleg samvinna við sambærilegar stofnanir í Evrópu hluti af störfum forstjóra. Þá hefur Jón í störfum sínum erlendis aflað sér reynslu um starfsemi fjárfestingarbanka ásamt þekkingu á alþjóðlegum fjármálamörkuðum.

Með umsókn sinni skilaði Jón G. Jónsson ferilskrá og umsóknarbréfi þar sem fram kemur skilningur hans á eðli og hlutverki Seðlabanka Íslands og þeim breytingum sem framundan eru á starfsemi bankans.

Katrín Ólafsdóttir er fædd árið 1965. Hún lauk A.B. prófi í hagfræði frá Occidental College árið 1987. Þá lauk hún meistaraáráðu í vinnumálahagfræði frá Cornell University árið 1991. Katrín lauk doktorsprófi í vinnumálahagfræði frá sama skóla árið 2010. Auk þess hefur hún sótt námskeið við Uppsala háskóla og Harvard háskóla.

Katrín hefur verið lektor við Háskóla Reykjavíkur frá árinu 2006 og aðjúnkt á árunum 2003 til 2006. Katrín hefur setið í peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands frá árinu 2012. Áður hefur hún starfað sem hagfræðingur hjá Þjóðhagsstofnun og hjá hagfræðideild Landsbankans.. Hún var yfir spádeild Þjóðhagsstofnunar á árunum 1999 til 2002. Auk þess var hún hagfræðingur hjá fjármálaráðuneytinu á árunum 1991 til 1998. Katrín hefur setið í ýmsum stjórnnum og nefndum, t.d. í stjórn Íslandsbanka árin 2008 til 2010 og formaður stjórnar Íbúðalánasjóðs 2011 til 2012. Þá er hún formaður í starfshópi samningsaðila hjá hinu opinbera um jöfnun launa á milli hins opinbera og almenna vinnumarkaðarins.

Ferilskrá Katrínar inniheldur upplýsingar um ritverk sem eru flest á sviði vinnumálahagfræði, mörg þeirra eru ritrýnd. Þar kemur einnig fram að Katrín hefur flutt erindi á ráðstefnum, innanlands sem erlendis og hlotið ýmsa rannsóknarstyrki. Umsókninni fylgdi einnig bréf til forsætisráðuneytis, þar sem farið er yfir menntun, þekkingu á fjármálastarfsemi, efnahags- og peningamálum og stjórnunarreynslu, þar sem hún nefnir ýmis félagsstörf og stýringu á stórum kennslunámskeiðum.

Sigurður Hannesson er fæddur árið 1980. Hann lauk BS prófi í stærðfræði með áherslu á reiknifræði frá Háskóla Íslands árið 2003. Þá lauk hann doktorsprófi í stærðfræði frá University of Oxford árið 2007. Sérsvið námsins var algebra. Sigurður hlaut styrki til námsins, m.a.

Chevening styrk og Overseas Research Scholarship frá breskum stjórnvöldum auk innlendra styrkja. Þá er Sigurður löggiltur verðbréfamíðlari.

Sigurður starfaði hjá Straumi fjárfestingarbanka sem sérfræðingur í markaðsviðskiptum á árunum 2007 til 2010. Á árunum 2010 til 2013 var hann forstjóri og meðeigandi í Júpíter rekstrarfélagi hf. Sem forstjóri annaðist hann m.a. samskipti við Fjármálaeftirlitið sem eftirlitsaðila. Sigurður starfaði sem framkvæmdastjóri eignastýringasviðs hjá Kvikubanka árin 2013 til 2017. Á árinu 2013 var hann skipaður af forsætisráðherra sem formaður sérfræðingahóps um aðgerðir í þágu skuldsettra heimila. Sigurður var varaformaður í framkvæmdahóp stjórnvalda um losun fjármagnshafna. Í tengslum við þessi störf sín átti Sigurður í tíðum samskiptum við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og alþjóðleg lánshæfisfyrirtæki. Frá árinu 2017 hefur Sigurður starfað sem framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins. Sigurður er stjórnarformaður Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins og hefur setið í stjórnum ýmissa félaga.

Með umsókn Sigurðar fylgdi starfsferilskrá með upplýsingum um menntun og starfsferil. Í umsókn hans var farið yfir færni og hæfni til að gegna stöðunni.

Sturla Pálsson er fæddur árið 1966. Hann lauk BSc prófi í hagfræði frá Háskóla Íslands árið 1994 og MSc í fjárfestingarstjórnun (MISM) árið 2004. Þá hefur Sturla sótt námskeið hjá Said Business School í Oxford (2010) og hjá Evrópska Seðlabankanum (2012).

Starfsferill Sturlu sem hagfræðingur hófst hjá Hagstofu Íslands, vísitöludeild. Árið 1996 hóf Sturla störf hjá Seðlabanka Íslands og hefur starfað þar síðan að undanskildum þremur árum hjá Íslandsbanka (1998 til 2001). Á árunum 1996 til 1998 starfaði Sturla sem sérfræðingur á tölfræðisviði annarsvegar og hinsvegar á alþjóðasviði. Eftir að hafa starfað í þrjú ár sem sérfræðingur í markaðsviðskiptum hjá Íslandsbanka hóf Sturla störf sem sérfræðingur og staðgengill framkvæmdastjóra á alþjóðasviði Seðlabankans. Árið 2005 varð hann framkvæmdastjóri alþjóðasviðs, sem í dag starfar undir heiti markaðsviðskipta og fjárstýringar. Sturla kom jafnframt að háskólakennslu við Háskólann í Reykjavík og Háskólann á Bifröst á árunum 2001 til 2004.

Sturla hefur ritað grein um gjaldeyrisforða seðlabanka ásamt meðhöfundum. Þá hefur Sturla haldið fyrirlestra um efnahags-, peninga- og gjaldeyrismál sem skipulagðir hafa verið í samvinnu við innlenda og erlenda aðila. Frá árinu 2006 hefur Sturla setið í ritstjórn

Peningamála og Fjármálastöðugleika ásamt því að vera ábyrgðarmaður fyrir ritið *Markaðsupplýsingar* sem gefið er út af Lánamálum ríkissjóðs.

Sem framkvæmdastjóri og starfsmaður Seðlabankans kom Sturla að verkefnum er tengdust úrlausn peninga- og gjaldeyrismála eftir fjármálaáfallið. Í þeim störfum tók hann þátt í samningaumleitunum við aðrar fjármálastofnanir og leiddi hluta þeirra sendinefnda Seðlabanka Íslands sem leituðu eftir samningum við erlendar bankastofnanir. Þá hefur sú eining sem Sturla leiðir tekið þátt í framkvæmd og afléttingu fjármagnshafta. Sturla sat jafnframt í stjórn Eignasafns Seðlabanka Íslands sem stofnað var í kjölfar bankahrunsins.

Sturla hefur komið að sendinefnd AGS til Úkraínu sem og þróunarverkefni fyrir Afríkúríki þar sem tilgangur beggja verkefna var að kynna virkni gjaldeyris- og skuldabréfamarkaða í litlum hagkerfum með það að markmiði að bæta skilvirkni þeirra.

Með umsókn sinni sendir Sturla starfsferilskrá, umsóknarbréf með yfirliti yfir störf sín fyrir Seðlabanka Íslands ásamt einu meðmælabréfi.

Vilhjálmur Bjarnason er fæddur árið 1952. Hann lauk Cand. oecon. prófi frá Háskóla Íslands 1977 og M.B.A. gráðu frá Rutgers University 1997.

Vilhjálmur starfaði hjá Útvegsbanka Íslands 1977 til 1987, var m.a. útibústjóri í Vestmannaeyjum 1980 til 1987. Hann starfaði hjá Kaupþingi 1987 til 1988 og sem kennari við Iðnskólann í Reykjavík 1989 til 1995. Hann var forstöðumaður hjá Verðbréfamarkaði Fjárfestingarfélagsins 1991 til 1993 og verðbréfamiðlari með eigin rekstur 1993 til 1995. Vilhjálmur hefur verið kennari í fjármálum við viðskipta- og hagfræðideild (síðar viðskiptafræðideild) Háskóla Íslands, sem aðjúnt 1998 til 2008 og sem lektor frá 2009. Hann starfaði hjá Þjóðhagsstofnun 2000 til 2002, Hagstofu Íslands 2002 til 2007 og var framkvæmdastjóri Samtaka fjárfesta (nú Samtaka sparifjáreigenda) 2007 til 2014. Vilhjálmur sat á Alþingi árin 2013 til 2017 og átti m.a. sæti í efnahags- og viðskiptanefnd. Hann hefur setið í stjórn Bankasýslu ríkisins frá 2017.

Ferilskrá ásamt bréfi Vilhjálms til forsætisráðuneytis fylgir umsókn hans þar sem fram koma nánari upplýsingar um störf hans, helstu verkefni ásamt yfirliti um ritstörf, bæði fræðileg og fyrir almenning, og málstofur auk greinar um málefni banka og fjármálamarkaða eftir hann. Umsókninni fylgir einnig greinargerð frá upphafi árs 2009 til Rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og mögulega áhrifavalda fjármálaáfallsins á Íslandi. Í fylgiskjali með umsókninni er farið yfir færni hans og hæfni til að gegna starfinu.

5. Mat á hæfni umsækjenda

Í þessum kafla verður lagt mat á hæfni umsækjenda og þeir flokkaðir eftir þeim atriðum sem tilgreind eru í 1. mgr. 23. gr. seðlabankalaga og í skipunarbréfi nefndarinnar. Nefndin vekur athygli á því að hvert og eitt þessara atriða, menntun, starfsferill, reynsla og þekking á fjármálastarfsemi og efnahags- og peningamálum, stjórnunarhæfileikar og hæfni í mannlegum samskiptum, getur verið umfangsmikið, sem getur leitt til þess að umsækjendur með mismunandi reynslu og þekkingu falli engu að síður í sama hæfnisflokk, en hæfnisflokkarnir eru fjórir, mjög vel hæfur, vel hæfur, hæfur og ekki hæfur.

Verkefnum Seðlabanka Íslands er lýst í lögum nr. 36/2001 með síðari breytingum. Þannig er meginmarkmið bankans að stuðla að stöðugu verðlagi, sbr. 1. mgr. 3. gr. seðlabankalaga. Auk þess ber bankanum m.a. að stuðla að fjármálastöðugleika, varðveita gjaldeyrisvarasjóð, stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, sbr. 4. gr. laganna. Bankinn hefur einnig heimild til að setja lánastofnunum reglur, þ.m.t. um laust fé, stöðuga fjármögnun, gjaldeyrisjöfnuð og útlán tengd erlendum gjaldmiðlum. Jafnframt ber bankanum að gefa út skýrslur, áætlanir og stunda hagrannsóknir um það sem hlutverk og stefnu bankans varðar, sbr. 30. og 31. gr. laganna. Seðlabankastjóri ber ábyrgð á rekstri bankans og fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum hans, sbr. ofanritað, sem eru ekki falin öðrum lögum samkvæmt, sbr. 1. mgr. 23. gr. laganna. Þessi ábyrgð seðlabankastjóra er höfð að leiðarljósi við mat á reynslu og þekkingu umsækjenda.

5.1 Menntun

Samkvæmt 1. mgr. 23. gr. laga nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands, sbr. 3. gr. laga nr. 5/2009, skal seðlabankastjóri hafa lokið háskólaprófi í hagfræði eða tengdum greinum. Í nefndaráriti meirihluta viðskiptanefndar við það frumvarp til laga sem síðar varð að lögum nr. 5/2009 er fjallað um þetta hæfnisskilyrði og nefnt í dæmaskyni að undir tengdar greinar gætu fallið viðskiptafræði, rekstrarhagfræði, fjármálaverkfræði eða -stærðfræði, tölfræði við hagrannsóknir, fjármála- og viðskiptalögfræði, o.fl. Frekari leiðbeiningar um hvers konar menntunarkröfur eru gerðar til seðlabankastjóra er hvorki að finna í texta laganna né lögskýringargögnum.

Í skipunarbréfi nefndarinnar er, eins og áður sagði, lagt fyrir nefndina að raða umsækjendum í fjóra flokka, meðal annars út frá menntun. Nefndin telur að tólf umsækjendur uppfylli þetta skilyrði. Eftir að lágmarksskilyrði seðlabankalaga um menntun hefur verið uppfyllt er það

hlutverk nefndarinnar að gera samanburðarmat á menntun umsækjenda. Gylfi Arnbjörnsson, Jón Gunnar Jónsson, Sturla Pálsson og Vilhjálmur Bjarnason hafa grunn- og meistaranámi í hagfræði eða skyldum greinum og teljast því hæfir með hliðsjón af þessu skilyrði. Ásgeir Brynjar Torfason og Sigurður Hannesson hafa lokið doktorsprófi í skyldum greinum en án sérstakrar áherslu á lögbundið verk svið Seðlabankans og teljast því vel hæfir. Arnór Sighvatsson, Ásgeir Jónsson, Gunnar Haraldsson, Gylfi Magnússon, Jón Daníelsson og Katrín Ólafsdóttir hafa lokið doktorsprófi í hagfræði með tengingu við lögbundið verk svið Seðlabankans og teljast því mjög vel hæf.

5.2 Starfsferill

Samkvæmt 1. mgr. 23. gr. seðlabankalaga, sbr. 3. gr. laga nr. 5/2009, skal seðlabankastjóri búa yfir víðtækri reynslu og þekkingu á fjármálastarfsemi og efnahags- og peningamálum. Í skipunarbréfi hæfnisnefndarinnar, en efni þess er rakið í kafla 2 hér að framan, er mælt fyrir um að starfsferill umsækjenda skuli hafður til hliðsjónar við mat á hæfni þeirra. Nefndin hefur því skoðað hvernig víðtæk reynsla og þekking umsækjenda á þáttum sem varða lögbundið verk svið Seðlabankans endurspeglast í starfsferli þeirra.

Allir umsækjendur uppfylla þetta lagaskilyrði og eru þar með hæfir. Að loknu doktorsnámi 2014 hefur Ásgeir Brynjar Torfason starfað sem lektor við Háskóla Íslands fyrst og fremst á sviði reikningsskila. Áður en Ásgeir hóf doktorsnám starfaði hann sem skrifstofustjóri hjá Háskóla Íslands og framkvæmdastjóri hjá erlendum fasteignasjóði. Ásgeir Brynjar Torfason telst því hæfur. Jón Gunnar Jónsson starfaði í 16 ár að mestu í hagfræði- og greiningadeildum hjá Merrill Lynch eftir að grunnnámi lauk. Við lok starfsferils síns var Jón Gunnar orðinn framkvæmdastjóri fjárfestingarbankadeildar Merrill Lynch í London. Frá árinu 2012 hefur Jón verið forstjóri Bankasýslu ríkisins. Jón Gunnar Jónsson telst því hæfur. Að loknu doktorsprófi í stærðfræði árið 2007 starfaði Sigurður Hannesson á fjármálamarkaði meðal annars sem framkvæmdastjóri eignastýringasviðs hjá Kvikubanka. Hann hefur gegnt trúnaðarstörfum fyrir stjórnvöld, m.a. sem formaður, í tengslum við aðgerðir í þágu skuldsettra heimila og aðgerðaáætlun um losun fjármagnshafta. Hann er nú framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins. Sigurður Hannesson telst því hæfur.

Að loknu doktorsnámi hóf Ásgeir Jónsson störf við Háskóla Íslands. Hann varð lektor 2004 og síðar dósent. Hann hefur verið deildarforseti við hagfræðideild frá 2015. Ásgeir hefur gegnt ábyrgðarstörfum meðal annars sem álitsgjafi fyrir ritun Hvítbókar um framtíð

fjármálakerfisins, formaður starfshóps um endurskoðun peningastefnu og formaður yfirfasteignamatnefndar. Ásgeir hefur einnig verið forstöðumaður greiningardeildar og aðalhogfræðingur Kaupþings og síðar Arion banka. Ásgeir Jónsson telst því vel hæfur. Gunnar Haraldsson var forstöðumaður Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands á árunum 2007 til 2010 og aftur á árunum 2013 til 2015. Hann var formaður stjórnar Fjármálaeftirlitsins á umbrotatímum í eitt ár frá 2009. Auk þess hefur Gunnar starfað hjá OECD, hjá Þróunarsamvinnustofnun, forsætisráðuneytinu og Þjóðhagsstofnun. Hann hefur jafnframt starfað að háskólakennslu við Háskóla Íslands og sem dósent við Háskólann á Bifröst. Gunnar Haraldsson er því vel hæfur. Katrín Ólafsdóttir hefur starfað við Háskóla Reykjavíkur frá árinu 2003 og sem lektor frá árinu 2006. Katrín hefur setið í peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands frá árinu 2012. Áður en Katrín lauk doktorsnámi starfaði hún hjá Þjóðhagsstofnun, hagfræðideild Landsbanka hf. og fjármálaráðuneytinu. Katrín Ólafsdóttir telst vel hæg. Sturla Pálsson hóf störf hjá Seðlabanka Íslands 1996 og hefur starfað þar að mestu síðan. Frá árinu 2005 hefur Sturla gegnt starfi framkvæmdastjóra sviðs markaðsviðskipta og fjárstýringar. Í því starfi hefur hann m.a. borið ábyrgð á framkvæmd peningastefnunnar, stýrt erlendri fjármögnun ríkissjóðs og verið í alþjóðlegum samskiptum við matsfyrirtæki, AGS og erlendar fjármálastofnanir. Sturla stundaði háskólakennslu samhliða störfum sínum á árunum 2001 til 2004. Sturla Pálsson telst vel hæfur. Vilhjálmur Bjarnason hefur starfað sem útibússtjóri hjá viðskiptabanka, sem verðbréfamíðlari, sem kennari við tvö skólastig og sem sérfræðingur hjá Þjóðhagsstofnun og Hagstofu Íslands. Vilhjálmur sat á Alþingi þar sem hann átti sæti m.a. í efnahags- og viðskiptanefnd. Þá situr hann í stjórn Bankasýslu ríkisins. Vilhjálmur Bjarnason telst vel hæfur. Arnór Sighvatsson hóf störf hjá Seðlabankanum árið 1990. Arnór hefur starfað sem aðalhogfræðingur og sem aðstoðarseðlabankastjóri í níu ár. Hann er nú ráðgjafi seðlabankastjóra. Arnór Sighvatsson telst mjög vel hæfur. Gylfi Arnbjörnsson var forstöðumaður Kjararannsóknarnefndar og frá árinu 1992 hjá ASÍ sem deildarstjóri hagdeildar, síðar framkvæmdastjóri og loks sem forseti ASÍ í 10 ár. Hann var jafnframt framkvæmdastjóri Eignarhaldsfélags Alþýðubankinn hf. á árunum 1997 til 2001. Samhliða þessum störfum hefur Gylfi gegnt stjórnarstörfum í fyrirtækjum og félögum hér á landi og erlendis. Gylfi Arnbjörnsson telst mjög vel hæfur. Eftir að doktorsnámi lauk hóf Gylfi Magnússon störf við Háskóla Íslands þar sem hann varð dósent árið 1998. Gylfi gegndi störfum viðskiptaráðherra og efnahags- og viðskiptaráðherra frá febrúar 2009 til september 2010. Á árunum 2005 til 2009 var Gylfi stjórnarformaður Samkeppniseftirlitsins auk þess hefur hann setið í stjórnnum Kauphallar Íslands, Verðbréfasráningu Íslands og Orkuveitu Reykjavíkur. Frá árinu

2018 hefur hann verið formaður bankaráðs Seðlabanka Íslands. Gylfi Magnússon telst mjög vel hæfur. Að loknu doktorsnámi hóf Jón Daníelsson störf við Háskóla Íslands. Frá árinu 1997 hefur hann starfað hjá London School of Economics, þar af sem dósent frá árinu 2002. Árið 2012 varð Jón forstöðumaður rannsóknarseturs um kerfislæga áhættu þar sem hann hefur m.a. haft samskipti við ýmsa seðlabanka og alþjóðlegar stofnanir. Jón Daníelsson telst mjög vel hæfur.

5.3 Reynsla og þekking á fjármálastarfsemi og efnahags- og peningamálum

Svo sem komið hefur fram hér að framan segir í 1. mgr. 23. gr. laga um Seðlabanka Íslands nr. 36/2001, sbr. 3. gr. laga nr. 5/2009, að seðlabankastjóri skuli búa yfir víðtækri reynslu og þekkingu á fjármálastarfsemi og efnahags- og peningamálum. Hvorki í greinargerðinni með frumvarpinu sem varð að lögum nr. nr. 5/2009, né í nefndaráliti meirihluta viðskiptanefndar, sem lagði til breytingar á orðalagi ákvæðisins í meðförum þingsins, er að finna leiðbeiningar um hvernig meta eigi þessa reynslu og þekkingu eða til hvaða atriða eigi sérstaklega að horfa. Eftir að lágmarksskilyrði seðlabankalaga um reynslu og þekkingu hefur verið uppfyllt er það hlutverk nefndarinnar að gera samanburðarmat á hæfni umsækjendum í þessum flokki. Við það mat byggði nefndin fyrst og fremst á umsóknargögnum, en einnig á svörum viðmælenda í viðtölum. Sérstaklega var hæfni metin út frá lögbundnum verkefnum og skyldum Seðlabankans og þekkingu umsækjenda á þeim og reynslu þar að lútandi. Sérstök áhersla var lögð á meginmarkmið Seðlabankans að stuðla að stöðugu verðlagi. Þar var meðal annars spurt um miðlun peningastefnu og breytingar sem orðið hafa á peningastefnu Seðlabankans frá fjármálaáfallinu. Nefndin taldi einnig mikilvægt að umsækjendur sýndu góða þekkingu á öðrum meginverkefnum Seðlabankans og stjórnækjum hans. Umsækjendur voru jafnframt metnir út frá rannsóknum og skýrsluskrifum á efni tengdu lögbundnum verkefnum Seðlabankans, sbr. 30. og 31. gr. seðlabankalaga, og upplýsingum úr umsóknum og svörum þeirra í viðtölum þar að lútandi. Áhersla var á að þekkingin og reynsla væru víðtæk hvað sérhver lögbundin verkefni Seðlabankans varðar.

Fimm umsækjendur voru boðaðir í annað viðtal. Þar voru viðmælendur spurðir sérstaklega út í þau stjórnækj sem Seðlabankinn getur nýtt til að ná markmiðum um verðstöðugleika og fjármálastöðugleika. Í því sambandi var sérstaklega beðið um dæmi um aðstæður þar sem aðgerðir til að stuðla að öðru markmiðinu hefur mögulega neikvæð áhrif á hitt markmiðið, og

hvernig unnt væri að leysa úr því. Auk þess var spurt út í önnur lögbundin verkefni Seðlabankans og stjórnskipulag hans, eftir því sem við átti í hverju viðtali.

Byggt á þessu mat nefndin Arnór Sighvatsson, Ásgeir Jónsson, Gylfa Magnússon og Jón Daníelsson mjög vel hæfa. Þá mat nefndin Gunnar Haraldsson, Gylfa Arnbjörnsson, Katrínu Ólafsdóttur, Sigurð Hannesson og Sturlu Pálsson vel hæf. Loks mat nefndin Ásgeir Brynjar Torfason, Jón G. Jónsson og Vilhjálmm Bjarnason hæfa .

5.4. Stjórnunarhæfileikar

Við mat á stjórnunarhæfileikum umsækjenda var horft til umsóknargagna um störf þeirra og verkefni sem flokka má til stjórnunarstarfa. Jafnframt var tekið tillit til þess sem fram kom í viðtölum við umsækjendur og þá var sérstaklega spurt um tiltekin dæmi. Mat á hæfileikum byggir því á reynslu umsækjenda af stjórnun, reynslu í að samþætta mismunandi sjónarmið sérfræðinga og umfangi þeirra mannaforráða sem þeir hafa haft.

Byggt á þessu mat nefndin Ásgeir Jónsson, Gunnar Haraldsson, Jón G. Jónsson, Sigurð Hannesson, Sturlu Pálsson og Vilhjálmm Bjarnason vel hæfa. Með hliðsjón af takmörkuðum mannaforráðum og stjórnunarreynslu undanfarin ár telur nefndin að Ásgeir Brynjar Torfason og Katrín Ólafsdóttir séu hæf.

Arnór Sighvatsson gegndi starfi aðstoðarseðlabankastjóra í 9 ár og sem slíkur var hann staðgengill seðlabankastjóra í fjarveru hans, og telst því mjög vel hæfur. Gylfi Arnbjörnsson var forseti ASÍ í 10 ár og fulltrúi þeirra samtaka á erlendum vettvangi. Gylfi Arnbjörnsson er því mjög vel hæfur. Gylfi Magnússon var viðskipta- og efnahagsráðherra og í því hlutverki kom hann að ýmsum verkefnum í kjölfar fjármálaáfallsins. Hann var stjórnarformaður Samkeppniseftirlitsins í fjögur ár og hefur einnig setið í stjórnnum ýmissa félaga. Gylfi Magnússon er því mjög vel hæfur. Jón Daníelsson er forstöðumaður rannsóknaseturs um kerfislæga áhættu þar sem hann hefur m.a. yfirumsjón með verkefnum fjölda fræðimanna. Þá stýrir hann verkefnum í samstarfi við ýmsa seðlabanka og alþjóðlegar stofnanir s.s. eins og AGS. Jón Daníelsson telst því mjög vel hæfur.

5.5 Hæfni í mannlegum samskiptum

Í skipunarbréfi nefndarinnar var mælt fyrir um að nefndin skyldi við mat á hæfni umsækjenda einnig hafa hliðsjón af hæfni í mannlegum samskiptum. Við mat á þessum þætti var einkum

stuðst við viðtöl nefndarmanna við umsækjendur sem fóru fram á tímabilinu 27. maí til 6. júní síðastliðinn. Í viðtölunum komu allir umsækjendur vel fyrir og er á grundvelli þeirra ekki forsenda til að gera upp á milli þeirra með hliðsjón af þessum hæfnisþætti.

6. Niðurstaða hæfnisnefndar

Hér að framan hefur verið fjallað sérstaklega um þá þætti sem nefndinni ber að líta til við mat á hæfni umsækjenda um embætti seðlabankastjóra samkvæmt lögum, auglýsingu um embættið og skipunarbréfi nefndarinnar.

Hæfnisskilyrðið sem talin eru upp í 1. mgr. 23. gr. laga um Seðlabanka Íslands nr. 36/2001, með síðari breytingum, um að viðkomandi eigi að búa yfir víðtækri reynslu og þekkingu á fjármálastarfsemi og efnahags- og peningamálum, er sérlega mikilvægt í mati nefndarinnar á hæfni umsækjenda. Nefndin hafði sérstaklega til hliðsjónar lögbundin verkefni Seðlabanka Íslands í þessu sambandi. Hæfnisskilyrðið að viðkomandi skuli hafa lokið háskólaprófi í hagfræði eða tengdum greinum, er mikilvægt í mati nefndarinnar.

Því er rétt og málefnalegt að gera kröfu til þess að seðlabankastjóri búi yfir stjórnunarhæfileikum og hæfni í mannlegum samskiptum eins og krafa er gerð um í auglýsingu um embættið.

Niðurstaða nefndarinnar er reist á heildstæðu mati á verðleikum umsækjenda. Matið er einkum byggt á þeim þáttum sem raktir eru í köflum 5.1 til 5.4 hér að framan, þar sem ekki eru forsendur til þess að gera greinarmun á umsækjendum með hliðsjón af þeim hæfnisþætti sem er til umfjöllunar í kafla 5.5 eins og áður er rakið.

Með skírskotun til alls þess, sem að framan greinir, er það niðurstaða nefndarinnar að fjórir umsækjendur standi öðrum umsækjendum framar og teljist allir mjög vel hæfir til að gegna embætti seðlabankastjóra. Þetta eru Arnór Sighvatsson, Ásgeir Jónsson, Gylfi Magnússon og Jón Daníelsson.

Ennfremur er það niðurstaða nefndarinnar að Gunnar Haraldsson, Gylfi Arnbjörnsson, Katrín Ólafsdóttir, Sturla Pálsson og Sigurður Hannesson og séu vel hæf til að gegna embætti seðlabankastjóra. Ásgeir Brynjar Torfason, Jón G. Jónsson og Vilhjálmur Bjarnason teljast hæfir til að gegna embætti seðlabankastjóra.


Ályktarorð:

Með vísun til 2. mgr. 23. gr. laga nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands, með síðari breytingum, er það niðurstaða nefndar sem fékk það hlutverk að meta hæfni umsækjenda um embætti seðlabankastjóra að Arnór Sighvatsson, Ásgeir Jónsson, Gylfi Magnússon og Jón Daníelsson séu allir mjög vel hæfir til að hljóta embætti seðlabankastjóra sem auglýst var laust til umsóknar 20. febrúar 2019.

Reykjavík, 25. júní 2019



Sigríður Benediktsdóttir



Eyjólfur Guðmundsson



Þórunn Guðmundsdóttir